

## AUGLÝSING

### (IX) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2010/2011 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

#### **Vesturbyggð, Bíldudalur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Bíldudals með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) 1. gr. b-liðar verður: Eru skráð í sveitarfélaginu 1. desember 2010.
- b) 1. gr. c-liðar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. desember 2010. ...o.s.frv.
- c) Ákvæði 4. gr. breytist og verður: Byggðakvóta Bíldudals 133 þorskígildistonnum skal úthlutað til fiskiskipa samkvæmt lönduðum afla í Vesturbyggð, sem unninn hefur verið á Bíldudal á tímabilinu 1. september 2010 til 31. desember 2010.

Ekkert fiskiskip getur sótt um byggðakvóta nema frá einu byggðarlagi innan Vesturbyggðar.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur Bíldudals um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2010/2011, samkvæmt auglýsingu nr. 308 frá 24. mars 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 28. apríl 2011.*

F. h. r.

**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

---

*Hinrik Greipsson.*